



sínu til að halda friðinn en að endingu er gengið of langt," segir Felix. „Þetta eru krakkar í slag. Ást Tonys og Maríu er unglingsást, rétt eins og ást Rómeós og Júlíu. Eina krafan sem þau gera er að fá að vera kærustupar.“

Í tónlistinni er blandað saman ölfkum stílgerðum enda var Bernstein jafnvígur á sígilda tónlist, djass og dægurtónlist. Eftir hann liggja m.a. tvær sínfónúr og tónlist við tvo balletta auk þess sem hann var heimspektur stjórnandi. Hann lést árið 1990.

Útrás í dansinum

En hver er svo boðskapur Sögu úr Vesturbænum?

„Fordómar og þröngsýni eru eyðingaröfl, ekki bara lestir mannanna. Reynslan sýnir það og sannar en samt getum við ekki lært af henni,“ segir Marta.

Söngleikjaformið kann að virðast léttvægt en aðalleikararnir eru ekki á því að það rýri á nokkurn hátt gildi frásagnarinnar. Sagan sé sígild og textinn vel skrifaður. Í tónlistinni og dönsunum takist að draga persónurnar sterkari dráttum en annars hefði orðið. „Dansinn undirstrikar geysilega vel persónurnar,“ segir Felix. „Menn takast á í dansi, þeir fá útrás í honum, tjá tilfinningar sínar og innri vanlíðan og persónan verður skýrari í dansinum.“

Urður Gunnarsdóttir

SLEGID er á þjóðlega strengi á sýningu Kristínar Jónsdóttur frá Munkaþverá í miðsal Kjarvalsstaða. Ullin sveipar íslensk bæjarnöfn dulúð og liðast um kalt og viðkvæmt nútímaefni, plexigler. Yrkisefnin eru sótt í tónlistina, söguna og landið, frásögnin hógvæg og án allra láta. Áherslan er á ullina og það hversu gagnsæ hún er.

Verkin eru öll unnin á síðasta ári, þó að meðgöngutíminn kunni að vera lengri. Verkin Tokkata, Fúga og Blús eru gerð úr ullartogi sem er lagt í pípur úr plexigleri og minna á orgelpípur. Kannski gamla orgelið hennar Kristínar sem hún leikur stöku sinnum á sér til hugarhægðar?

„Ég hlusta mikið á tónlist og hún er oft kveikja að verkum. Á tónleikum sé ég fyrir mér verk í myndlist, sem kemur sérstaklega fram í þessum verkum sem byggjast á hrynjandi og endurtekningum. Ég leita fanga jafnt í tónlist Bachs og Händels, sem ljóðasöng.“

Í öðrum verkum Kristínar er texti hulinn örpunnum ullarlagði. Sumt er vel læsilegt, annað máð eða hulíð. Tilviljunin ræður því að einhverju leyti. „Ég hef unnið með texta frá árinu 1986. Tildrög þess voru þau að eiginmaður minn, Jón Óskar, vann að bók um dulmál, dómsmál yfir konum sem yfirvöld höfðuð gegn konum sem fyrirkomið höfðu börnum sínum. Ég aðstoðaði hann, sat við að skoða gömul skjöl á Þjóðminjasafninu, sem var erfitt í fyrstu þar sem textinn var máður og skriftin torlæs. Smám saman gekk það betur og efni textans hafði mikil áhrif á mig. Ég vann fyrstu verkin með textunum út frá setningum og setningabrotum sem greyptust í huga mér.“

Í leit að ættaróðallnu

Eitt verkanna á sýningunni á Kjarvalsstöðum sem tengir ull og texta eru fjórir láréttir fletir sem Kristín hefur ritað á bæjarnöfn og skipt þeim niður eftir landsfjórðungum. „Ég skoðaði bók sem kom út árið 1932 og var skrá yfir alla bæi í byggð. Ég leitaði svo í símaskrá að þeim nöfnum sem bæst höfðu við. Ég gat ekki notað öll nöfnin fjöldans vegna en valdi úr fjölmörg nöfn frá þessu tímabili. Þegar ég skrifa þau upp, reyni ég að hafa þau í röð eftir hreppum og fylgja leiðinni sem líklegast væri farin. Í þessari upptalningu ættu flestir Íslendingar að geta fundið ættaróðalið sitt, við erum enn svo nátengd bæjum og bæjarnöfnum.“

Kristín segist hafa skriftina fremur smáa af ásettu ráði. „Ahorfandinn verður að rýna í verkin til að sjá orðin, þau eru sum staðar ógreinileg, annars staðar læsileg. Þetta minnir í raun á eyðibýlin, sem voru til en eru nú löngu horfin. Á bak við hvert nafn er saga og fólk. Miklar breytingar hafa átt sér stað á hverjum og einum bæ en nafnið er hið sama.“

Það er langt síðan ég fór að hafa áhuga á bæjarnöfnum. Ég er alin upp á mannmörgu heimili og kynntist strax í æsku mörgum bæjar-



Morgunblaðið/Jón Svavarsson

KRISTÍN Jónsdóttir frá Munkaþverá við verk sitt „Upp“, sem unnið er í ull, olíukrít, nælonþráð og plexigler. „Verkið er hugsað sem stigi. Efniviðurinn vísar til þess að hann sé ótraustur og laus,“ segir Kristín.

Landslag orðanna

KRISTÍN JÓNSDÓTTIR FRÁ MUNKAPVERÁ SÝNIR Á KJARVALSSTÖÐUM

nöfnum sem tengdust því fólk sem kom heim. Þegar ég ferðaðist árilega á milli Eyjafjarðar og Reykjavíkur eftir að ég hóf nám í Handíða- og myndlistarskólanum gerði ég mér far um að spyrja um nöfn bæjanna sem ég sá á leiðinni.“

Leitar þú til fortíðar og í söguna?

„Ég hef gert það en reyni þó að tengja verkin nútímanum. Þau eiga að vera tímalaus að einhverju leyti en ég leita vissulega fanga í fortíðinni. Þegar ég vann verkin úr dulmálunum fannst mér efnið eiga vel við. Það veitti skjól og hlýju, haldi hluta textans. Í nýjstu verkunum er textinn mun skýrari.“

Bláminn í verkunum minnir á landið, hafði, himininn, blámann í fjarska. Kristín talar um landslag orðanna, blái liturinn eigi samsvörum svo víða í náttúrunni.

Þrívíð veflist

Kristín segir tilviljun hafa ráðið efnisvali hennar. Er hún hafi verið í Handíða- og myndlistarskólanum hafi valið staðið um fátt annað en málu. „Þegar ég fór til Kaupmannahafnar í framhaldsnám langaði mig til að vinna við þrívíð form en þá var mikil gróska í listiðnaðargreinunum á Norðurlöndum, m.a. veflist, sem nær yfir allt sem gert er úr þræði. Um tíma velti ég því fyrir mér að leggja stund á leirlist en valdi veflistina, hugsaði sem svo að ég gæti lifað af henni og haldið áfram að mála í fristundum.“

Á fyrstu árunum var ég ekki viss um að ég myndi leggja út í listsköpun í veflistinni. Þegar ég kom heim úr námi bauðst mér kennsla í Handíðaskólanum. Ég kenndi hönnun, þrykk og aðrar aðferðir en vefnað. Fyrstu árin þrykkti ég mikið og nær eingöngu myndverk, það gekk ekkert að selja nytjalistina þar sem fyrir því var ekki grundvöllur hér á landi. Það var hins vegar ekki fyrir en fyrir tólf árum að ég fór að þæfa ullina, hafði rekist á bók um þessa aðferð. Þá var ég loksins komin út í það þrívíða form sem ég hafði alltaf ætlað mér.“

Ævagömul aðferð

Þæfing er rannsóknarefni fornleifafræðinga, textillistamanna og listfræðinga. Hún er talin elsta aðferð mannsins við að nýta sér dýrahár, vitað er að hún var notuð á nýsteinöld. Talið er að þæfing hafi þekkt í Mesópótamíu um 4000 f.Kr. „Hér var þetta notað í hetti og hatta og söðulþófa en ég man eftir slitrum úr söðulþófa á æskuheimili mínu. Þæfingin leið víða undir lok þegar vefnaður og þrjón kom fram á sjónarsviðið. Hún þótti ófin og groddaleg en hefur nú verið endurvakin í myndlist, ekki síst í Bandaríkjunum, þar sem karlar ekki skfir en konur fást við hana. Ég hef tekið þátt í tveimur alþjóðlegum samsýningum listamanna sem allir unnu í þæfða ull og voru verkin gjörólík.“

Textaverkin vinnur Kristín á þann hátt að hún vinnur texta á flíselín, sem hún segir seintlegt verk. Olíukrít er svo notuð til að gefa lit. Flíselínið er lagt innan í ullarkembur til að ná fram áferð sem sýnir til velkts pappírs. „Ég nota skriftina til að ná

fram grafískri áferð á voðunum, verkin eru í raun á mörkum grafíkur, skúlptúrs og vatnslíta.“

Kristín segist að öllum líkindum munu halda sig við ullina enn um sinn þrátt fyrir að hún sé þeirrar skoðunar að það sé mörgum listamönnum hollt að skipta um efnivið. Kennarar hennar í Handíða- og myndlistarskólanum, Valgerður Briem og Sverrir Haraldsson, hafi lagt ríka áherslu á leitina að óhefðbundnum efnivið, sem hafi verið nýtt á þeim tíma. Sú leit hafi reynst sér drjúgt veganesti.

Urður Gunnarsdóttir



SYNNÖVE Gahrén kennari leiðbeinir börnum í Safni Bror Hjorth.

að upprunalegu myndmáli. Hann skoðaði hjá safnara tótem indíána og Afríkumanna og kynntist í námi sínu myndmáli Assyriumanna, Etrúra, Egypta, Maya og Inka og arkaiskri list Grikkja sem hann dáði.

Eftir því sem árin liðu, segir Birgitta Spur, varð víðurinn það efni sem Sigurjón kaus helst að vinna í, hvort sem um var að ræða eðalvið frá hitabeltisöldum, maðksmogna furu úr sjó eða jafnvel gamla tunnustafi.

Mauno Hartman

Finninn Mauno Hartman (f. 1931) er þekktur fyrir bjálkamyndir sínar sem margar líkjast húsbýggingum. Haft er eftir honum að burðarvirki í gömlu finnsku timburhúsi sem hann sá þegar hann sneri heim frá Ítalíu að loknu námi hafi haft mest áhrif á hann sem listamañ. Hartman tengir á nýstárlegan hátt reynslu finnskra byggingalistamanna fyrir kynslóða við innsetningarverk nútímans.

Landi Hartmans, Juhani Pallasmaa, skrifar:

„Að byggja hefur ekki einungis hagnýtan tilgang, en er líka helgiathöfn sem afmarkar stöðu mannsins í heiminum. Verk Hartmans hafa alls ekkert hagnýtt gildi. Notagildi þeirra felst í getunni til að minna okkur á goðsögulegt inntak bygginga og líffræðilega fortíð okkar sjálfra.“

Pallasmaa minnir á að það sé eitt-hvað yfirnáttúrulegt og töfrandi við að byggja, hugsun er gerð áþreifanleg. Hartman endurspeglar byggingargleði og trú á það sem í vændum er.

Björn Nørgaard

Daninn Björn Nørgaard (f. 1947) vakti fyrst athygli með gjörningum sínum, en einna minnisstæðastur þeirra er Hestafórinn 1970. Nørgaard starfaði sem prófessor við Kónunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn 1985-94 og er meðal virtustu myndlistarmanna Dana.

Þegar Björn Nørgaard kom fram á sjöunda áratugnum sáu ný listform dagsins ljós. Gerningar og uppakomur urðu áberandi tjáningarform, hefðbundið listaverk hafði gengið sér til húðar. „Listræn athöfn varð verkið sjálft“, með orðum



Björn Nørgaard

FRÁ PRIMITÍVISMA TIL PÓSTMÓDERNISMA

Claus Hagedorn-Olsen safnstjóra í Horsens. Pólitíski þátturinn setti svip sinn á verk Nørgaards og jafnframt töfrar og helgisíðir.

Verkin á sýningunni eru fengin að láni úr opinberum söfnum í Danmörku.

Gunnar Torvund

Norðmaðurinn Gunnar Torvund (f. 1948) vinnur eins og hinn danski starfsbróðir hans í póstmóðernískum anda. Listfræðingurinn Leena Mann-

ila kemst þannig að orði um Torvund:

„Áreynslulaust umgengst hann margs konar efni og stílgeindir, ferðast um ýmis skeið listasögunnar og kannar sameiginlega arfleifð smíðisgrípa í því skyni að útvega sér efni sem hann síðan safnar í nýjar samstæður með nýjum tjáningarmáta.“

Súrrealismi er Gunnari Torvund ein af leiðunum til að koma á óvart, birta ekki einungis það sem menn vænta af honum. Mannlega samhygd skortir hann ekki þótt hún klæðist stundum dularbúningi.

Gunnar Torvund hefur unnið mörg verk fyrir opinbera aðila. Hann tók meðal annars þátt í verkefni á Grænlandi þar sem norrænir myndhöggvarar meita verk sín í fjöllin hjá bænum Quaqortoq (Julianehaab).

Gunnar Torvund og Mauno Hartman verða báðir viðstaddir opnun sýningarinnar.

Listasmiðja og fyrirlestur

Listasmiðja fyrir börn og unglinga verður í Hafnarborg 25.

febrúar til 3. mars. Synnöve Gahrén safnakennari frá safni Bror Hjorth mun leiðbeina börnunum ásamt Jóninu Guðnadóttur leirlistarkonu. Allt efni sem unnið verður með fá nemendur á staðnum.

Kúllike Montgomery listfræðingur og forstjóri Bror Hjorth safnsins í Uppsölum heldur fyrirlestur, sem hún nefnir Bror Hjorth og kærleikurinn, í Hafnarborg 26. febrúar kl. 17.

Samantekt J. H.